| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 5. apríl 2022 |
| **Námsgrein** | Lífsleikni |
| **Titill** | Virðing, efling, rökhugsun og atorka II |
| **Skammstöfun** | VERA1AC01 |
| **Viðfangsefni** | Sjálfsmynd einstaklings og framtíðarsýn |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 1 |
| **Lýsing áfanga** | Nemendur fara í sjálfsskoðun þar sem þeir ígrunda námsaðferðir sínar og námstækni. Þeir skilgreini áhugasvið sín og eigin hæfni á mismunandi sviðum og móti sér framtíðarsýn hvað varðar nám og störf. Nemendur fá fræðslu um þá möguleika sem í boði eru hvað varðar framhaldsnám og störf. Áfram er lögð áhersla á nemendur séu ábyrgir fyrir námi sínu. |
| **Forkröfur áfanga** | VERA1AB01 – áfanginn er tekinn á þriðju önn |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• mikilvægi þess að móta sér framtíðarsýn til að hafa eitthvað að stefna að<br>• mismunandi námstækniaðferðum<br>• þeim möguleikum sem til eru varðandi náms- og starfsval<br>• styrkleikum sínum og veikleikum |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• setja sér raunhæf framtíðarmarkmið varðandi nám og starf<br>• stunda árangursríkt nám<br>• nýta sér mismunandi námtækniaðferðir<br>• nýta sér stykleika sína í námi og daglegu lífi<br>• átta sig betur á veikleikum sínum til að styrkja þá |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• nota árangursríka námstækni, einbeitingu, beita mismunandi minnisaðferðum, skipuleggja og undirbúa próflestur, glósutækni, lestrartækni og tímasstjórnun. |

| | |
|---|---|
| | • greina og meta sjálfan sig á raunhæfan hátt og setja sér markmið m.t.t áhugasviðs og styrkleika og veikleika<br>• búa til námsáætlun fyrir nám að loknum framhaldsskóla |
| **Námsmat** | Námsmat er nánar tilgreint á kennsluáætlun |